

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Sævarhöfða 6-10
112 Reykjavík

Reykjavík, 29. janúar 2021
UST202003-303/H.R.A.
08.08.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar, sem útgefin var hinn 23. desember sl., þar var rekstraraðila gerð grein fyrir þeim frávikum frá starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. er þarfnast úrbóta. Umrædd frávik komu fram í eftirliti Umhverfisstofnunar í Malbikunarstöð Höfða hf. í Reykjavík, annars vegar hinn 7. september 2018 og hins vegar hinn 12. nóvember 2020. Rekstraraðili hefur starfað skv. eldri tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávikanna er skráð voru 2018, en sú áætlun hefur ekki staðist. Þann 10. desember sl. barst ný tímasett úrbótaáætlun rekstraraðila fyrir opin frávik.

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu 2020:

- 1. Gr. 3.8. í starfsleyfi.** Losunarmörk starfsleyfis fyrir CO (kolmónoxíð) eru $500\text{mg}/\text{Nm}^3$. Kolmónoxíð í mælingu á Benninghoven stöðinni sem gerð var 1. september sl. var $1201\text{mg}/\text{Nm}^3$. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila leitar rekstraraðili skýringa hvers vegna kolmónoxíð mældist svo hátt í útblæstrinum, hefur rekstraraðili m.a. hafið samráð við Nýsköpunarmiðstöð Íslands í von um að finna skýringar. Kolmónoxíð verður mælt aftur eins fljótt og mögulegt er, þ.e. þegar umfang á samfelldri framleiðslu malbiks er í samræmi við forsendur fyrir framkvæmd mælinga. Rekstraraðili áætlar að mælingar fari fram í síðasta lagi fyrir júlí 2021.**

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu 2018.

- 2. Gr. 2.4 í starfsleyfi.** Samkvæmt grein 2.4. í starfsleyfi á útstreymishraði úr skorsteini að vera a.m.k. 20 m/s. Í mælingu er fram fór í september 2017 kom í ljós að útstreymishraðinn var aðeins 16 m/s. Í mælingum er framkvæmdar voru árið 2018 mældist útstreymishraðinn enn undir mörkum **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að framleiðslan var minni þá daga er mælingarnar fóru fram a.m.k. árið 2018 og því hafi verið brugðið á það ráð að minnka útstreymishraða til að fá fleiri mælingar. Rekstraraðili stefnir á að fá loftdreifilíkan til að sýna fram á að minni útstreymishraði (14m/s)**

komi að sama gangi og 20m/s fyrir júlí 2021. Í framhaldi af því yrði sótt um samþykki Umhverfisstofnunar fyrir lækkuðum útblásturshraða eins og heimilað er í grein 3.5 í starfsleyfi.

- 3. Gr. 4.2. í starfsleyfi.** Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.8 og 3.11. Mælt var árið 2016 og svo ekki aftur fyrr en árið 2018 í Benninghoven stöð. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila frá desember 2020 var nýr filter keyptur fyrir Benninghoven stöðina haustið 2019. Mælingar töfðust þó þar sem vandkvæði urðu við uppsetningu hans ásamt því að Covid19 setti strik í reikninginn. Þegar tókst að stilla filterinn var mæling þöntuð hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þar sem mæling á útblástri í Benninghoven stöðinni tafðist, náðist ekki að mæla útblástur í Via Nova stöðinni árið 2020. Rekstraraðili áætla að mæla útblástur í báðum stöðvunum fyrir september 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur